

Reykjavík 22. nóvember 2013

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/348
komudagur 22.11.2013

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottám líffæra, nr.16/1991 (ætlað samþykki) – 34. mál

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottám líffæra. Þar sem um siðferðilegt álitamál er að ræða leitaði Fíh álits Siðaráðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hér á eftir fylgir umsögn Siðaráðs.

Um er að ræða siðferðilegt álitamál og sterk siðferðileg rök styðja bæði „ætlaða neitun“ og „ætlað samþykki“. Mikilvægt er að allir hafi í huga að hér er til umfjöllunar skilyrðislaus réttur sem hver og ein manneskja í samfélagi við aðra hefur, sem er griðarétturinn (rétturinn til að vera látinn í friði).

Samkvæmt frumvarpinu eru það 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna sem munu breytast. Þar kemur fram að samþykki einstaklingur ekki að gefa líffæri sín að sér látnum skuli hann koma þeirri ósk á framfæri við aðstandanda eða skrá á annan hátt svo tryggt sé að ósk hans verði virt. **Hvergi er tekið fram í tillögu að breyttri lagagrein að neiti aðstandandi líffæragjöfni skuli tekið tillit til þeirra óska.**

Tvisvar sinnum hafa verið lagðar fram þingsályktunartillögur um efnið sem ekki fengu fullnægjandi umræðu né afgreiðslu. Siðaráð Fíh bendir á að í ítarlegri greinargerð við tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir á 141. löggjafarþingi 2012 - 2013 kom fram að flutningsmenn töldu réttast að fara sömu leið og farin er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og fleiri löndum. Þar er gert ráð fyrir „ætluðu samþykki“ einstaklinga fyrir líffæragjöf en neiti aðstandendur líffæragjöf við lát einstaklings er tekið tillit til þeirrar óskar. Þar vísa flutningsmenn einnig í rannsóknir sem sýna að nær undantekningarlaust virði ættingjar ósk látins ættingja, þ.e. að líffæri er gefið ef hinn látni hefur viljað gefa líffæri eða hefur ekki sett sig upp á móti því svo vitað sé. Siðaráð Fíh telur að Íslendingar eigi ekki að ganga lengra í þessum málum en nágrannar okkar á Norðurlöndunum.

Siðaráð Fíh bendir einnig á að ekki sé á neinn hátt útskýrt í tillögu að breyttri lagagrein hvernig hagsmuna þeirra sem veikar standa í samfélaginu verði gætt. Siðaráð tekur undir með flutningsmönnum í fyrrgreindri greinargerð: „Hugmyndin um ætlað samþykki byggir á þeirri forsendu að líffæragjafinn sé fullorðin manneskja sem sé til þess bær að taka ákvarðanir um eigið líf og limi og geti því andmælt ætluðu samþykki. Því telja flutningsmenn að við vinnu að frumvarpi um ætlað samþykki við líffæragjafir skuli taka sérstakt tillit til einstaklinga sem vegna ungs aldurs, veikinda, fötlunar, geðsjúkdóma eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að andmæla líffæragjöf eða gera sér grein fyrir því hvað í henni felst.“



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Verði þessi lagabreyting samþykkt hvetur Siðaráð Fih til þess að vandað verði sérstaklega vel til verka við innleiðingu breytinganna. Fræðsla til almennings þarf að vera mjög markviss. Reynsla Spánverja er sú að þrátt fyrir „ætlað samþykki“ sem þeir samþykktu árið 1979 tók það 10 ár að fjölga líffæragjöfum þar í landi. Í dag er tíðni líffæragjafar á Spáni næstum helmingi hærri en að meðaltali í Evrópu, þrátt fyrir að ættingjar hafi neitunarvald. Skýringin sem gefin hefur verið á breyttu hugarfari Spánverja er sú að farið var í sérstakt átak, markvissa fræðslu og öflugt samstarf við fjölmiðla og svo mikla þjálfun sérfræðinga, lækna og hjúkrunarfræðinga, sem í flestum tilfellum eru þeir sem leita samþykkis syrgjandi aðstandanda.

Að lokum er vert að benda á mikilvægi þess að þeim sem ekki vilja gefa líffæri verði gerð sú ákvörðun og tilkynning þar um auðveld og að tryggt verði að upplýsingar þar að lútandi verði aðgengilegar. Andstaða einstaklinga við líffæragjöf til ígræðslu getur verið af ýmsum toga sem ber að virða og aldrei víkja frá.

Ólafur G. Skúlason formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður
Siðaráðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga